

**Ed.**

**10. Frumvarp til laga**

[10. mál]

um breyting á lögum nr. 63 21. maí 1974, um grunnskóla.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

**1. gr.**

Aftan við 79. gr. laganna bætist:

Ríkissjóður greiðir upphitun skólahúsnæðis á móti sveitarsjóðum í því blutfalli, sem nú skal greina:

Sveitarsjóðir greiða upphitun sem nemur meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem nýtur jarðhita.

Ríkissjóður greiðir eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, upphitun, sem er yfir því marki, sem 4. mgr. tiltekur, upp að meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem hitað er með olíu eða rafmagni.

**2. gr.**

Niður falli orðið „hitun“ í 1. línu 80. gr. laganna.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

**Greinargerð.**

Frv. þetta var flutt af Sigurði Blöndal á síðasta þingi, en varð þá eigi útrætt. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Tvær höfuðástæður eru til þess, að þetta frv. um breytingu á grunnskólalögum er lagt fram:

1. Hin gífurlega hækkun á verði olíu leggst af miklum þunga á þau sveitarfélög, sem hita skóla sína með olíu, alveg sér í lagi þá, sem hafa heimavist, en það er einmitt í fámennum sveitahreppum.

2. Mismunurinn á kostnaði við hitun skólahúsnaðis annars vegar með jarðhita og hins vegar með olíu er svo mikill, að við það skapast aðstöðumunur milli sveitarfélaga af slíkri stærð, að eðlilegt og sjálfsagt sýnist, að ríkið jafni hann.

Skv. þeim upplýsingum, sem menntamálaráðuneytið hefur gefið, varð hitunarkostnaður skólahúsnaðis á landinu árið 1974 sem hér segir:

a. Hitaðir með olíu eða rafmagni 112 skólar .....	kr. 50 241 625
b. Hitaðir með jarðhita	
ba. Utan Reykjavíkur 24 skólar .....	kr. 4 927 077
bb. Í Reykjavík .....	— 17 099 530 — 22 026 607
	<hr/>
Alls kr.	72 268 232

Þegar þetta yfirlit var gert, vantaði enn þá kostnaðartölur ársins 1974 frá 5 skólum með hitaveitu og rúmum 30 skólum af „köldum svæðum“. Þeir eru þó flestir litlir og kostnaðurinn þar mundi ekki breyta heildarmyndinni, sem fram kemur í tölunum hér að ofan.

Þess verður og að geta, að í sumum skólunum er rafmagnskostnaður færður með hitakostnaði í einni upphæð, en svo vill til, að þeir eru nær allir hitaðir með jarðhita. Er því heildarupphæðin hér að ofan yfir þá, sem hitaðir eru með jarðhita, frekar of há en of lág.

Sem dæmi um mismun á hitunarkostnaði með olíu eða jarðhita má nefna, að í nokkrum þeirra skóla, sem hitaðir eru með jarðhita, er kostnaður O, m. a. sumum stórum heimavistarskólum í sveit. Þegar hiti var virkjaður á þessum stöðum ýmsum, var kostnaður við jarðborun felldur undir stofnkostnað, svo sem eðlilegt var, og var þá greiddur af ríkissjóði að  $\frac{3}{4}$  hlutum.

Hins vegar er hitunarkostnaður við heimavistarskólann, þegar olíu er brennt, gífurlega há. Flm. þekkir t. d. af eigin raun dæmi um slíkan skóla, sem er um 6000 m<sup>3</sup> að rúmtaki, sem brennir olíu fyrir um 600 þús. kr., og í yfirliti menntamálaráðuneytisins er einn heimavistarskóli í sveit, þar sem hitunarkostnaður 1974 varð 1.4 millj. kr. Skóli á jarðhitasvæði af svipaðri stærð hafði O í hitunarkostnað.

Það er skoðun flm., að hinn gífurlega aðstöðumunur sveitarfélaga að því er þennan sérstaka útgjaldalið varðar sé bæði rétt og skylt að ríkissjóður jafni.

Flm. er kunnugt um, að meðal forráðamanna sveitarfélaga á „köldum svæðum“ hefur óánægja yfir misskiptingu þeirri, sem dæmi hafa verið nefnd hér um, farið vaxandi. Eftir hina miklu olíuhækkun síðustu 2ja ára finnst mönnum þó að kasti tólfunum.“